



ÞEKKINGARSETUR
VESTMANNAEYJA
rannsóknir - menntun - nýsköpun

ÁRSSKÝRSLA 2012

Páll Marvin Jónsson



Höfundar af myndum í skýrslunni

Páll Marvin Jónsson

Margrét Lilja Magnúsdóttir

Georg Skæringsson

Óskar Pétur Friðriksson

Valur Bogason

Þórdís Bragadóttir



EFNISTÖK

ÁRSSKÝRSLU

Skýrsla framkvæmdastjóra

Stjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja

Stofnanir innan ÞSV

Stofnaðilar ÞSV

Starfsfólk ÞSV

Skipurit Þekkingarseturs

Hugheimar -hugarflug

Sæheimar, fiskasafn

Sagnheimar, byggðasafn

Sjávarrannsóknamiðstöð

Stofnanir innan ÞSV

Náttúrustofa Suðurlands

Hafrannsóknastofnunin

Matís ohf.

Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Rannsóknabónustan, Vestmannaeyjum

Surtseyjarstofa

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

2013

SKÝRSLA

Framkvæmdastjóra

Þekkingartsetur Vestmannaeyja er nú á sjötta starfsári. Starfsemi þess er að mörgu leyti sérstök, um er að ræða sjálfseignafélag sem er ætlað að skila arði til samfélagsins í formi þekkingar, nýsköpunar og aukinnar færni. Ímyndum okkur körfu sem hefur að geyma stofnanir og fyrirtæki sem eru settar á laggirnar til að styðja við atvinnulífið og einstaklinga. Styðja við einstaklinga til að sækja þekkingu, þróa og skapa nýjar vörur og styðja fyrirtækin í nýsköpun, rannsóknnum og fræðslu. Þekkingartsetur Vestmannaeyja er karfan eða vettvangur þessara stofnanna og fyrirtækja til sameina kraftana og skipuleggja sig út á við. Í raun snýst þetta um þá viðleytni okkar til að vera stöðugt að bæta það samfélag sem við búum í.

Áætlað er að hefja framkvæmdir við Strandveg 30 á seinnihluta árs 2013 og ljúka þeim á árinu 2014. Þetta gefur tilefni til staldra við og horfa yfir farin veg. Nauðsynlegt er að fara yfir markmið og framtíðarsýn félagsins, byggja framtíðina á nýjum styrk og meta þau tækifæri sem skapast með nýrri aðstöðu og nýjum samstarfsaðilum.

Samstarf Vestmannaeyjabæjar og Þekkingartsetursins er varðar rekstur safnanna hefur gengið einkar vel. Aðsókn hefur aukist verulega á söfnin og fjölmörg skemmtileg samstarfsverkefni eru í gangi. Sett hefur verið upp afgreiðslukerfi í bæði söfnin sem gerir sölu og aðgangsstýringu mun skilvirkari en áður. Aðsókn í Sæheima, fiskasafn hefur verið mikil yfir sumarmánuðina og ávalt mun meiri en aðsóknin í Sagnheima. Þrátt fyrir vel heppnaða andlitslyftingu með tilkomu Sagnheima, þá hefur byggðasafnið ekki sama aðdráttarafl og fiskasafnið. Fókussinn í Sagnheimum hefur þess í stað verið mun meira á menningartengda viðburði og hefur samstarf við aðra aðila í safnahúsi verið einkar gott hvað það varðar. Sæheimar, fiskasafn þarfnast orðið stöðugs viðhalds enda húsnæði og safngripir komnir til ára sinna. Lítið svigrúm er því til að bæta sýninguna í Sæheimum. Aftur á móti má segja að hið nýja sýningarsvæði í Sagnheimum sé enn í þróun og nú í ljósi þess að áætlað er að opna Eldheima á næsta ári er æskilegt að skoða breytingar á ákveðnum hluta sýningarinnar.

Framkvæmdastjóri og safnstjórar funda að jafnaði hálfsmánaðarlega og er þar farið yfir verkefnastöðu og gerðar áætlanir fram í tíman. Samningar við Vestmannaeyjabæ um rekstur Sagnheima og Sæheima voru endurnýjaðir fyrir 2013 með þeirri breytingu að þeir voru vísitölutengdir.

Starfsemi Sjávarrannsóknamiðstöðvarinnar var í lágmarki á árinu enda enn ekki búið að leysa húsnæðismál miðstöðvarinnar. Áætlað er að flytja aðstöðuna af annari hæð á Strandvegi 50 niður á jarðhæð í Fiskiðjunni þar sem Vestmannaeyjabær hyggst jafnframt flytja Sæheima, fiskasafn. Þessi áform eru en í góðu gildi en seinkanir hafa


orðið á verkefninu þar sem áætlanir er varða aðra til fjórðu hæð Fiskiðjunnar hafa ekki staðist. Hér er um að ræða mikið rými og því mikilvægt að átta sig á skipulagi jarðhæðar áður en að ráðist verði í að flytja sjávarrannsóknamiðstöðina. Vonir standa til þess að arkitekt Vestmannaeyjabæjar komist í að teikna upp drög að jarðhæð Fiskiðjunnar á næstu vikum því mikilvægt er að koma starfsemi miðstöðvarinnar í gang sem fyrst og gera hana aðgengilega til rannsókna og kennslu.

Hafrannsóknastofnunin afhenti Þekkingartsetrinu rannsóknarbátinn Friðrik Jesson til eigna í lok árs 2012 en heimild var fyrir því á fjárlögum. Friðrik Jesson er rekinn undir Sjávarrannsóknamiðstöðinni og gegnir þar mikilvægu hlutverki í tengslum við uppbyggingu á rannsóknaraðstöðunni.

Hugheimar komu all oft saman á árinu 2012. Þar voru stofnanir innan Þekkingartsetursins með kynningar á starfsemi sinni ásamt því að fjölmargir verkefnafundir voru haldnir. Hugheimar eru hinn eignilegi umræðuvettvangur Þekkingartsetursins. Hingað til hafa þó Hugheimar fyrst og fremst snúist um samstarfið innanhúss en ekki náð að teygja sig út fyrir vegg Þekkingartsetursins. Tilraun til að breyta þessu er þó hafin og hafa tveir síðustu fundir verið einskonar stefnumót við fyrirtæki í bænum. Um var að ræða hugarflugsfundi þar sem fyrirtækin kynna starfsemina og að því loknu eru ræddar hugmyndir að verkefnum. Úr verða líflegir fundir þar sem fjölda hugmynda skjóta upp kollinum. Þetta virðist því vera fín leið til að nálgast atvinnulífið og skapa um leið frjóan jarðveg til hugmynda- og nýsköpunarvinnu.

Ætla má að starfsárið framundan muni einkennast af miklu leyti af þeim framkvæmdum sem eru að fara af stað á Strandvegi 30. Það er trú mín að okkur takist að ljúka framkvæmdum á árinu 2014 og að þá taki við nýr og spennandi kafli í sögu Þekkingartseturs Vestmannaeyja.

Páll Marvin Jónsson
framkvæmdastjóri



STJÓRN



Stjórn þekkingarseturs Vestmannaeyja og formaður stjórnar var kosin á ársfundi þann 21. maí 2012. Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum og velur sér framkvæmdastjórn sem fer með daglegan rekstur í samstarfi með framkvæmdastjóra.

Formaður: Elliði Vignisson, bæjarstjóri

Aðrir stjórnarmenn:

Anna Hjaltadóttir vinnslustjóri Vinnslust. hf.

Arnar Sigurmundsson, frkvstj., form. stjórnar Visku

Hrafn Sævaldsson, verkefnastjóri og ráðgjafi, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar

Rögnvaldur Ólafsson, forstm. Fræðasetra Háskóla Íslands

Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís ohf.

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri mynda framkvæmdaráð:

Elliði Vignisson

Arnar Sigurmundsson

Páll Marvin Jónsson

STOFNANIR



Eftirfarandi stofnanir störfuðu á árinu 2012 innan þekkingarseturs Vestmannaeyja:

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Hafrannsóknarstofnunin

Háskóli Íslands

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Náttúrustofa Suðurlands

¹Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Rannsóknarþjónusta Vestmannaeyja

Matís ohf.

Viska

²Surtseyjarstofa

¹ og ²Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Surtseyjarstofa hafa aðsetur utan þekkingarsetursins en taka annars þátt í samstarfi stofnanna innan þekkingarsetursins. Forstöðumaður NMÍ í Vestmannaeyjum og starfsmaður Surtseyjarstofu sitja t.d. á fundum HUGHEIMA.

STOFNAÐILAR

Bergur ehf.
Dala-Rafn ehf.
Drifandi stéttarfélag
Fjöltækniskóli Íslands
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Glitnir - banki hf.
Gæfa ehf.
Hafrannsóknastofnunin
Háskólinn á Akureyri
Háskólinn á Bifröst
Háskólinn á Hólum
Háskólinn í Reykjavík
Hitaveita Suðurnesja hf.
HÍ stofnun fræðasetra
Huginn ehf.
Iðnaðarráðuneytið
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Kennaraháskóli Íslands

Kæja ehf.
LÍÚ
Matís ohf.
Náttúrustofa Suðurlands
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Ós ehf.
Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf.
Reykjavíkur Akademían
Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi SASS
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Sparisjóður Vestmannaeyja
Stígandi ehf.
Tölvun ehf.
Ufsaberg ehf.
Vestmannaeyjabær
Vinnslustöðin hf.
Vinnumálastofnun
Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð

Að baki þekkingarsetri Vestmannaeyja standa alls 36 fyrirtæki og stofnanir sem eru skráðir stofnaðilar félagsins. Félagið er sjálfseignarfélag og er ekki rekið í hagnaðarskyni heldur er félaginu ætlað að efla og styrkja fræða- og háskólastarf í Vestmannayejum. Stofnfé félagsins er 7,7 milljónir. Hér að neðan eru stofnaðilar listaðir upp í stafrófsröð.



STARFSFÓLK

Þekkingarseturs Vestmannaeyja

Alls störfuðu átta starfsmenn hjá Þekkingasetrinu á árinu 2012.



Helga Hallbergsdóttir
Safnstjóri Sagnheima



Hr. Georg Skæringsson
Umsjónarmaður- og
verkefnastjóri



Margrét Lilja Magnúsdóttir
Safnstjóri, Sæheimar



Margrét Hjálmarsdóttir
Þjónustuskrifstofa
Bókhald



Páll Marvin Jónsson
Framkvæmdastjórn



Ester Garðarsdóttir
Þjónustuskrifstofa
Þjónustufulltrúi



Dr. Kári Bjarnason
Verkefnaráðinn



Hr. Haraldur Halldórsson
Tæknivinna og aðstoð

Sumarið er annasamur tími hjá Þekkingasetrinu en alls voru níu sumarstarfsmenn að störfum hjá Þekkingasetrinu sumarið 2012.

- Hjörvar Gunnarsson, sjávarrannsóknamiðstöð, Sæheimar og Sagnheimar
- Guðmundur Jónsson, Sagnheimar
- Hlynur Georgsson, Sæheimar
- Örn Hilmisson, Sæheimar
- Viktoria Ayn Pethypiece, Sæheimar
- Guðný Hilmisdóttir, Sagnheimar
- Stefán Gíslason, Sagnheimar
- Vilborg Þorsteinsdóttir, Sagnheimar
- Björn Sigursteinsson, Sæheimar





Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Stjórn

Stjórn: Elíði Vignisson, Arnar Sigur ...

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn: Páll Marvinn Jón



SKIPURIT

Samþykkt í stjórn í
stjórn þekkingarseturs
Vestmannaeyja 8.
febrúar 2010.

Þekkingarsetur
Vestmannaeyja hefur
ekki stjórnumarlegt
vald yfir þeim
stofnunum og
fyrirtækjum sem taka
þátt í Hugheimum.

HUGHEIMAR


Hugheimar er samstarfsvettvangur stofnanna og fyrirtækja innan Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Fundir eru haldnir nokkuð reglulega og unnið er með ýmis viðfangsefni á fundunum. Á síðustu tveimur fundum var sitthvoru fyrirtækinu boðið á stefnumót eða í svokallað hugarflug. Á fyrri fundinn mætti Langa ehf til leiks og urðu til fjölmargar skemmtilegar hugmyndir sem enn er verið að vinna úr. Síðari fundurinn er ný afstaðinn og kom þá Grímur Kokkur ehf á hugarflugið. Alls voru tuttugu starfmenn Gríms Koks og Þekkingarsetursins sem skiptust á skoðunum og hugmyndum. Yfir 50 hugmyndir urðu til á þessu hugarflugi og bíða þær frekari úrvinnslu.

Hugarflugsfundir með fyrirtækjum er tilraun til að nálgast atvinnulífið í Vestmannaeyjum og skapa umræðuvettvang fyrir starfsfólk stofnanna innan Þekkingarsetursins og fyrirtækja.

Hugheimar munu þó áfram vera með opnafundi og samráðsfundi milli stofnanna Þekkingarsetursins og þá bæði kynningar eða fræðslufundi og verkefnatengda fundi.

HUGAR FLUG





Aðaláhersla safnsins er sýning á lifandi fiskum og öðrum sjávarlífverum. Á safninu eru 12 sjóker þar sem finnast helstu nytjategundir okkar íslendinga auk fágætari tegunda. Um 30 metra djúp borhola er utan við safnið og upp úr henni er dælt mörg þúsund lítrum af sjó daglega og er því stöðugt gegnumstreymi af hreinum sjó í búrum safnsins. Einnig eru á safninu fuglasafn, steinasafn, skordýrasafn, skeljasafn og eggisafn auk annarra náttúrugripa.

Auk hinna hefðbundnu sýninga á safninu eru þar tvær sérsýningar. Önnur þeirra fjallar um sambýli manns og lunda en hin segir frá Surtseyjargosinu sem hófst árið 1963. Auk þessara sýninga eru myndir af lækningajurtum í Flóru Vestmannaeyja í stigagangi safnsins. Sæheimar settu upp og tóku virkan þátt í fjölmörgum almennum viðburðum sem fram fóru á árinu.

Lundinn Tóti

Tóti kom til safnsins í lok ágúst 2011 og hafði þá fundist illa haldinn undir lundabyggðinni í Klifinu. Ári síðar vegur hann um 430 grömm og er hrókur alls fagnaðar á safninu.

Gestir

Alls komu 11.796 gestir á Sæheima – Fiskasafn árið 2012. Þar af voru fullorðnir gestir 6.020 talsins en börnin 5.776. Þetta er lítilsháttar aukning frá árinu 2011 í heildarfjölda og munar þar mest um að fleiri börn komu á safnið í ár. Júlímánuður varð stærsti mánuður í sögu safnsins en þá komu alls 3957 gestir.

Opnunartími

Sumaropnunartími safnsins frá 16. maí til 15. september er klukkan 11:00 til 17:00, alla daga vikunnar. Yfir vetrartímann frá 16. september til 15. maí er safnið opið á laugardögum klukkan 13:00 til 16:00. Á öðrum tímum er safnið opið eftir samkomulagi. Pysjutíminn náði til seinni hluta september og var safnið opið eftir hádegi út september til að taka á móti pysjum í pysjueftirlitið.

Aðgangseyrir

Í apríl var aðgangseyrir inn á safnið hækkaður úr 500 krónum upp í 1000 krónur fyrir fullorðinn einstakling. Áður var frítt fyrir börn 14 ára og yngri og var það aldurtakmark hækkað upp í 17 ár. Eldriborgarar og öryrkjar fá 40% afslátt af heildarverði og er því aðgangseyrir þeirra 600 krónur. Veittur var 40% hópafsláttur fyrir stærri hópa og var þá aðgangseyrir 600 krónur á mann.

Starfsmenn

Margrét Lilja Magnúsdóttir var í 75% starfi sem safnstjóri. Georg Skæringsson í 25% starfi sem umsjónarmaður safnsins. Aðrir starfsmenn í sumarvinnu við vörslu og afgreiðslu voru Örn Hilmisson, Hjörvar Gunnarsson, Guðný Hilmsdóttir og Victoria Ayn Pethypiece. Auk þeirra störfuðu tímabundið þeir Hlynur Georgsson, Björn Sigursteinsson og Guðmundur Jónsson við ýmis verkefni hjá safninu.



SAGNHEIMAR, byggðasafn



Starfsmenn:

Helga Hallbergsdóttir safnstjóri var í 70% starfi en auk þess komu Georg Skæringsson tæknistjóri og Páll Marvín Jónsson framkvæmdastjóri að ýmsum verkefnum og var starfshlutfall þeirra áætlað 20%.

Í sumarstörfum voru Vilborg Þorsteinsdóttir í 50% stöðu og Stefán Gíslason kom inn í afleysingar. Þorkell Sigurjónsson aðstoðað einnig við greiningu og merkingu muna fyrrihluta árs.

Gestir:

Árið 2012 komu 5.424 gestir í Sagnheima, byggðasafn, Íslendingar voru 79,5% og erlendir gestir 20,5%. 1.026 gestir eða 18,9% voru börn og 672 eða 12,4% komu á vegum skóla.

Opnunartími:

Sumaropnun var daglega frá 12. maí til 16. september frá kl. 11 – 17. Á öðrum árstímum var opið á laugardögum frá kl. 13:00 – 16:00 og eftir samkomulagi.

Aðgangseyrir:

Aðgangseyrir inn á safnið er 1.000 krónur fyrir 18 ára og eldri, eldri borgarar og öryrkjar borga 600 krónur en frítt er fyrir börn. Hópar (10+) borga 600 krónur á mann. Í samstarfi við hin söfnin í Eyjum og sundlaugina var boðið upp á Eyjalykil um sumartímann, þar sem einstaklingslykill var seldur á 2.000 kr. og fjölskyldulykill (hjón með tvö börn) á 4.200 kr.

Breytingar á föstum sýningarsvæðum

Á bryggjussvæði hefur verið bætt við fleiri munum, myndvarpa og tjaldi auk sögu hafnarinnar á fléttiskjá. Formannavísuvegg var breytt og má nú hlusta á Ragnar Óskarsson lesa formannavísur og Ása í Bæ syngja lag sitt og texta í *verum*. Sagt er frá skeljaklúbbsi Þorsteins Þ. Víglundssonar í anddyri og þar má sjá hluta af skeljasafni klúbbsins.

Sérsýningar:

Tvær sérsýningar voru settar upp á árinu. 3. nóvember var í Pálsstofu opnuð sýning frá Síldarminjasafni Íslands, ljósmyndir Hauks Helgasonar frá síldarárunum 1953-1957. Sýning stóð fram í janúar 2013.

24. nóvember var til heiðurs Hannesi Jónssyni lóðs (1852-1937) sett upp sýning og verður hún fram á sumar. Auk þess tók safnið þátt í samsýningum Safnahúss í Einarstofu



Skólahópar í Sagnheimum

Fjöldi skólahópa lagði leið sína á safnið, allt frá grunnskóla og upp í framhaldsskóla. Farið var í afmarkaða hluta sögunnar í samráði og samstarfi við kennara. Áhersla var lögð á sjómennsku og fiskveiðar en Heimaeyjargosið og Tyrkjaránið voru einnig vinsæl umfjöllunarefni. Einnig unnu framhaldsskólanemendur ýmis sérverkefni sem nýtast safninu.

Styrkir

Sagnheimar hlutu 1.000.000 kr. rekstrarstyrk frá Safnaráði auk tveggja verkefnastyrkja 500.000 kr. fyrir verkefnið *Söfn í samstarfi: Afmælisviðburðir í Safnahúsi árið 2012* og 200.000 kr. sameiginlega með Sæheimum til þýðinga á heimasíðum. Auk þess hlaut safnið tvo verkefnastyrki frá Menningarráði Suðurlands, 400.000 kr., ásamt Vestmannaeyjabæ fyrir verkefnið: *Stórviðburðir á stórafmæli, munir og minningar*, og 150.000 kr., fyrir verkefnið *Sjómennskan er ekkert grín*.

Rannsóknir og útgáfur

Sagnheimar, byggðasafn tók þátt í rannsóknarvinnu og útgáfum Safnahúss Vestmannaeyja ásamt fleirum á bók Þórðar Tómassonar í Skógum *Liðnir Landeyingar* og úrvali verka Árna Árnasonar símrítara *Eyjar og úteyjalíf*.

Viðburðir

Sagnheimar taka virkan þátt í hátíðum bæjarfélagsins og leitast við, ýmist sjálfir eða í samstarfi við aðra, að minna á merka atburði eða einstaklinga úr sögu Vestmannaeyja. Árið 2012 fögnuðu byggðasafnið 80 ára og bókasafnið 130 ára afmælum sínum í Safnahúsi. Af viðburðum og málþingum má nefna:

Vinir í vestri. Atli Ásmundssonar ræðismaður Íslands í Kanada. *Draumur hins djarfa manns*. Erindi Rósu Margrétar Húnadóttur um sjómannalögin. Málþing um rannsóknir á menningararfi Vestmannaeyja.

Málþing til heiðurs Sveini Jónssyni elsta, Guðrúnu Runólfsdóttur og Júlíönu Sveinsdóttur listakonu. *Allir í leik, allir í leik* – erindi Unu Margrétar Jónsdóttur.

Hátíðardagskrá í tilefni 80 ára afmælis byggðasafns.

385 ár frá Tyrkjaráni.

Málþing – Böðvar Guðmundsson rithöfundur og vesturfararnir.

Málþing um Óskar Björgvinsson ljósmyndara.

Kynning á bók Árna Árnasonar símrítara *Eyjar og úteyjalíf*.

Geðveikar hetjur Íslendingasagnanna.

Málþing í Sagnheimum, byggðasafni: Hannes lóðs (1852-1937) og sjómennska fyrri tíma.

Málþing og útgáfuteiti Árna Árnasonar símrítara.



SJÁVARRANNSÓKNAMIÐSTOÐIN

MARHEIMAR

Georg Skæringsson hafði umsjón með búnaði, sjódælingu og var skipstjóri á rannsóknarbátnum friðriki Jessyni. Mjög takmörkuð starfsemi var í gangi í Sjávarrannsóknamiðstöðinni, hluti af búnaði fyrir humarmóttöku var leigður til Þorlákshafnar. Helstu verkefni Friðriks Jessonar voru botnrannsóknir við Surtsey ásamt því að annast ýmiskonar flutning vísindamanna í úteyjar, aðstoð við kvikmyndatöku og ferðir með skólahópa.

Skrifað var undir afsals -og eignaskiptasamning á rannsóknabátnum Friðriki Jessyni en heimild þess efnis að Hafrannsóknastofnunin afhenti Þekkingarsetri Vestmannaeyja Friðrik Jesson til eigna og afnota var innan fjárlaga 2012.

Keyptur var nýr krani á bátinn og hann settur á bátin í stað gamla kranans sem var orðin ónýtur. Minni rannsóknarbáturinn var fyrst og fremst notaður til að flytja vísindamenn út í úteyjar.



Rannsóknir við Surtsey, aðstoð við fráveitulögn og kvikmyndatöku.

Hafnartogið, Friðrik Jesson og nýr krani.

NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS



NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

Starfsmenn:

Dr. Ingvar Atli Sigurðsson, forstöðumaður

Dr. Erpur Snær Hansen, sviðsstjóri vistfræðirannsókna

Náttúrustofa Suðurlands var stofnuð í nóvember 1996 og starfar hún samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (lög nr. 60 frá 1992) og reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Suðurlands í Vestmannaeyjum (reglugerð 643/1995).

Helstu verkefni árið 2012.

Rannsóknir á lunda hafa verið umfangsmiklar á Náttúrustofu Suðurlands síðustu ár. Árið 2012 voru farnar tvær hringferðir um landið og tólf lundavörp heimsótt í hvorri ferð. Ábúðarhlutfall var kannað og varpárangur mældur auk þess sem teknar voruð ljósmyndir af sílisfugli til að sjá hvað lundinn var að bera í pysjurnar. Einnig var unnið úr eldri rannsóknargögnum og veiðitölum.

Árið 2012 útskrifaðist Hálfván Helgi Helgason með meistaragráðu frá Háskóla Íslands. Verkefnið var unnið á Náttúrustofu Suðurlands og var Dr. Erpur Snær Hansen aðalleiðbeinandi.

Náttúrustofa Suðurlands hefur frá árinu 2006 rannsakað farleiðir og vetrarstöðvar skrofu. Þetta hefur verið gert með því að setja gagnarita á allt að 20 varpfugla á ári. Áætlað er að halda þessum rannsóknum eitthvað áfram en þetta er samstarfsverkefni Náttúrustofunnar með Háskólanum í Barcelona og Náttúrustofu Norðausturlands.

Náttúrustofan hefur ásamt Náttúrustofu Norðurlands vestra og Náttúrufræðistofnun Íslands fylgst með breytingum sem hafa orðið á Morsárjökli eftir að stórt berghlaup féll á jökulinn árið 2007. Farin hefur verið ein ferð á jökulinn á hverju sumri.

Náttúrustofa Suðurlands hefur verið með ljósagildru tilfiðrildaveiða úti í Stórhöfða síðan árið 2010. Gildran var sett upp 16. apríl og tæmd vikulega þar til hún var tekin niður 5. nóvember. Þetta er samstarfsverkefni með Náttúrufræðistofnun Íslands, Sæheimum og Surtseyjarstofu.

Náttúrustofan gerði úttekt á fuglalífinu í Dyrhólaey í júní 2012. Verkið var unnið fyrir Umhverfisstofnun.

Berghlaupið á Morsárjökli og Erpur og Ingvar að störfum í Papey.





HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN
ÚTIBÚ VESTMANNAEYJUM



Starfsmenn: Valur Bogason útibússtjóri, Leifur Gunnarsson rannsóknarmaður

Hafrannsóknastofnun hefur þrífætt hlutverk, að stunda rannsóknir á hafinu og lífríki þess, að veita ráðgjöf til stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu á auðlindum hafsins, að miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings. Útibúin gegna síðan þýðingarmiklu hlutverki við gagnasöfnun og til þess að afla almennra upplýsinga um gang veiða í hinum ýmsu landshlutum og auka tengsl stofnunarinnar við sjávarútveginn. Í almennri starfsemi útíbúsins er sýnataka úr lönduðum afla veigamikill þáttur. Þessi sýnataka er mikilvægur þáttur í stofnmati og felst hún í því að safna m.a. upplýsingum um aldurs-, lengdar- og þyngdarsamsetningu hjá hinum ýmsu nytjastofnum. Fjöldi sýna sem tekinn er af bolfiski ræðst af lönduðum afla í hverri tegund og gerð veiðarfæris. Einnig voru sýni tekin fyrir mengunarmælingar í þangi, tekið var á móti merktum fiski o.fl. Starfsmenn tóku þátt í ýmsum rannsóknaleiðöngrum á vegum stofnunarinnar á árinu.

Rannsóknarverkefni:

Stofnmæling (vöktun) á marsíli við Ísland

Þetta verkefni er rekið frá útíbúinu og hófst vöktun á síli árið 2006. Markmið þess er að meta breytingar í stofnstærð sílis og afla upplýsinga um árgangastyrk og nýliðun í tegund sem er mikilvæg fæða nytjafiska, hvala og sjófugla. Farið var í tíu daga leiðangur í júlí á Dröfn ER 35 og síli kannað á svæðinu frá Breiðafirði að Ingólfshöfða.

Stofnmæling með netum (SMN)

Verkefnistjórn þessa verkefnis er í höndum útíbússtjóra og tóku 6 bátar þátt í netaralli stofnunarinnar. Það fór fram á tímabilinu 29 mars til 22 apríl. Markmið verkefnisins er að safna upplýsingum um aldurs- og lengdar-/þyngdarsamsetningu, kynþroska og vöxt hrygnandi þorsks, á helstu hrygningsvæðum hans. Einnig að meta árlega magn kynþroska þorsks er fæst í þorskanet á hrygningarsvæðum og breytingar í gengd hrygningarþorsks á mismunandi svæðum.

Fæðurannsóknir

Haldið var áfram samstarfi við sjómenn og fæðusýnum var safnað úr þorsk, ýsu og ufsa. Verkefnið er samstarfsverkefni útíbúa stofnunarinnar og er ætlunin með þessu verkefni að afla frekari upplýsinga um fæðu þorsks, ýsu og ufsa og reyna að fylla upp í eyður sem hafa verið í söfnun fæðusýna.

Erindi, Fundir; Ritgerðir (skýrslur):

Valur Bogason og Kristján Lilliendahl (2012) *Sandsílarannsóknir. Veggspjald á ráðstefnu Hafrannsóknastofnunar; Nytjastofnar og náttúra á grunnsævi 30 mars 2012.*

Valur Bogason, Vilhjálmur Þorsteinsson, Ólafur Karvel Pálsson, Ásta Guðmundsdóttir, Höskuldur Björnsson (2012) *Handbók um stofnmælingu hrygningarþorsks með þorskanetum (SMN) 2012.* Hafrannsóknastofnunin, 27 s (fjölrit).



Valur Bogason, Kristján Lilliendahl. 2012. Handbók um stofnmælingu (vöktun) á marsíli við Ísland 2012. Hafrannsóknastofnunin, 25 s (fjölrit).



MATÍS ohf.




Starfsmenn: Ragnheiður Sveinþórsdóttir og Heather Philp

Áhersla er lögð á sjávarútvegstengd verkefni hjá Matís í Vestmannaeyjum, enda ein helsta verstöð landsins og öflug fyrirtæki í sjávarútvegi hér, bæði hvað varðar veiðar og vinnslu sjávarafurða.

Í starfsstöð Matís í Vestmannaeyjum var á árinu 2012 að stærstum hluta unnið að þremur rannsóknarverkefnum: Tilraunaveiðar og nýting gulldeplu, rannsókn á nýtingu aukaafurða úr humri og rannsóknir á blettamyndun karfaflaka. Í gulldepluverkefninu var ýmsum möguleikum velt upp hvað varðar nýtingu á gulldeplu og væri áhugavert að skoða sumar þeirra betur með tilliti til verðmætaaukningar sem þær gætu leitt af sér. Verkefnið gaf til kynna möguleika á að nýta gulldeplu í surimi, niðursuðu, fóður í fiskeldi, beitu, gæludýranammi og framleiðslu lífvirkra efna Sérstaklega var áhugavert að sjá hversu ljósar afurðir úr gulldeplu reyndust verða þegar lífvirk efni voru unnin úr henni miðað við upphafshræfnið og einnig að bragð og lykt reyndist vera ásættanlegt fyrir þess konar framleiðslu.

Nýting aukaafurða úr humri er rannsóknarverkefni sem Heather Philp vann að á árinu. Sérstök áhersla var í verkefninu á að leita leiða til að vinna olíu úr haus humarsins en þar er að finna tvöfalt gjöfylli uppsprettu olíu en dæmi eru um úr öðrum skel- og krabbadýrum.

Unnið var að rannsóknum á blettum sem myndast við geymslu á karfaflökum. Markmiðið var að auka tækifæri sjávarútvegsfyrirtækja til að vinna karfa hérlandis en vandamálið sem hefur skapast við þá vinnslu er að flökin verða mislit við flutning og geymslu á leið sinni til kaupendanna. Þessi mislitun lítur út eins og skemmdareinkenni í flakasárinu og hefur í för með sér verðlækkun á fiskmörkuðum. Í verkefninu voru eftirfarandi atriði könnuð; hráefnismeðhöndlun, vinnslustýring, kæliferlar í vinnslu, pökkun/pökkningar og val á kælimiðlum.





Viska býður upp á námskeið af ýmsum toga fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir bæjarins, bæði starfstengd námskeið sem og tómstundanámskeið. Viska skipuleggur eigin námskeið og standa þau til boða í lengri og skemmri tíma. Viska miðlar auk þess námskeiðum fyrir ýmsa aðila eins og Endurmenntun háskóla Íslands, Framvegis og Greiningarstöð ríkisins svo eitthvað sé nefnt. Námskeiðin eru haldin í húsnæði Visku að Strandvegi sé þess unnt en annars er sótt í húsnæði hjá Grunnskóla Vestmannaeyja eða Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, sem og í annað húsnæði sem hentar.

Markmið Visku er að:

- efla menntun í Vestmannaeyjum með því a standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið.
- hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum
- miðla framboði á fræðslu og fjarkennslu til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum.
- vinna í samstarfi við aðra aðila í landinu sem sinna símenntun, endurmenntun og menntun á háskólastigi
- vera í fararbroddi að nýtingu á bestu fánlegri fjarkennslutækni hverju sinni.

Á árinu 2012 var lögð áhersla á eftirtalda námskeiðsflokka:

Starfstengd námskeið:

- Fyrir starfsfólk í fiskvinnslu: Menntun millistjórnenda, menntun í öryggisvörnum og líkamsbeitingu.
- Fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla: Fagnámskeið fyrir ífaglæra og samstarf og samskipti á vinnustað.
- Fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu: Móttaka bráðveikra, nudd og fleira.

Tómstundanámskeið:

- Matreiðsla, stjörnuskoðun, myndlist, tölvur, ræktun matvæla, tungumál, ljósmyndun, handverk, nudd og fleira.

Umsjón er í höndum Valgerðar Guðjónsdóttur og Esterar Garðarsdóttur.



Starfsmenn Visku eru:

- Valgerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.
- Sólrún Bergþórsdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri
- Jóhanna Lilja Eiríksdóttir verkefnaráðin í hlutastarf
- Ester Garðarsdóttir og Margrét Hjálmarsdóttir þjónustufulltrúar þekkingarseturs Vestmannaeyja starfa í u.þ.b. 60% hlutfalli fyrir Visku.

Náms- og starfsráðgjöf

Viska, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja hefur árlega frá árinu 2008 gert formlegan þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um náms- og starfsráðgjöf. Fram að því var starfið unnið í verktakavinnu af starfsmanni Vinnumálastofnunar í Vestmannaeyjum. Frá upphafi hefur Sólrún Bergþórsdóttir náms- og starfsráðgjafi sinn þessu starfi hjá Visku í 50% starfi.

Árið 2012: Viska býður upp á skylduviðtöl sem eru 98 talsins en auk þess að vinna að frekari kynningu á ráðgjöf innan leik- og grunnskóla sem og í fiskvinnslufyrirtækum. Náms- og starfsráðgjafi útbjó kynningarmyndband um náms og starfsráðgjöf til sjómanna á árinu 2010 og mun fylgja því verkefni frekar eftir á árinu. Myndbandið er að finna á heimasíðu Visku <http://viskave.is/thittvalthinleid/>

Áherslur á árinu 2012:

- Á árinu 2012 heimsótti náms- og starfsráðgjafi fyrirtæki og stofnanir í Vestmannaeyjum með áherslu á fiskvinnslufyrirtæki.
- Tekin voru umsamin 98 viðtöl við einstaklinga innan markhóps Visku.
- Vinna viðtöl í tengslum við raunfærnimat upp í B-stig stýrimanna.

Umsjón með verkinu hefur Sólrún Bergþórsdóttir og Valgerður Guðjónsdóttir.



Starfsemi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands árið 2012

Starfsemi Atvinnuþróunarfélags Suðurlands þetta árið var nokkuð ólíkt fyrri árum þess.

Mikil vinna fór í að starfa með ráðuneytum og Byggðastofnun við mótun Sóknaráætlunar Suðurlands – Ísland 2020. Einnig tók umsóknarferlið um þróunarstyrki til Evrópubandalagsins mikinn tíma og umstang, en það beindist að aðlögun Íslands að inngöngu í bandalagið, svokallað IPA (instrument for pre-accession assistance) styrkjakerfi.

Þó nokkuð var um ráðgjafaverkefni og þá einkum á sviði þróunar á sviði ferðamennsku og m.a. við uppbyggingu á Heklu-Geopark-verkefninu. Í Vestmannaeyjum var unnið að margvíslegum þróunarverkefnum með einstaklingum og fyrirtækjum og unnar greiningar á þróun og einstaka þáttum atvinnulífsins í bænum.

Styrkumsóknir til Vaxtarsamnings Suðurlands voru óvenju fáar þetta árið og flestar dæmdar óstyrkhæfar. Því tókst ekki að úthluta því fjármagni sem var til ráðstöfunar til atvinnuþróunar og nýsköpunar á árinu. Þessi staðreynd er athyglisverð, mikil vonbrigði og kallar á breytt vinnubrögð og nýja nálgun á meginhlutverki félagsins. Til að svara því m.a. var ákveðið, á seinni hluti ársins 2012, að sameina starfsemi félagsins Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) frá og með áramótunum 2012-13. Allir starfsmenn félagsins, fyrir utan einn, hættu störfum að eigin ósk er sameiningin tók gildi, þeirra á meðal Hrafn Sævaldsson starfsmaður þess í Vestmanneyjum. Í kjölfarið hafa verið ráðnir þrír nýjir ráðgjafar sem starfa á Selfossi, Vestmannaeyjum og á Höfn.

Það er staðföst ákvörðun stjórnar SASS að efla ráðgjöf og frumkvöðlastarf á sviði atvinnuþróunar við einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög á starfssvæðinu. Í samræmi við þá stefnu var í kjölfarið á sameiningunni opnað útibú SASS á Höfn í Hornafirði.

RANNSÓKNAÞJÓNUSTAN Vestmannaeyjum

Starfsmenn: Sigmar Valur Hjartarson

Rannsóknþjónustan, Vm. ehf er alhliða rannsóknastofa sem býður upp á prófanir, ráðgjöf og þjónustu við sjávarútveginn og matvælafyrirtæki. Fyrirtækið tekur einnig virkan þátt í rannsóknum með fyrirtækjum og stofnunum í Eyjum.



Fyrirtækið býður upp á allar almennar efnamælingar á matvælum og fóðurvörum s.s. fitu, vatn, protein, salt, ammóníak, ösku og fleira sem viðskiptavinir hafa þörf fyrir. Einnig hefur fyrirtækið aðstoðað framleiðendur við mælingu á næringar- og orkuinnihaldi matvæla vegna merkinga á umbúðir.

Örverumælingar eru einnig snar þáttur í starfseminni og er boðið upp á allar algengustu mælingar á örverum, bæði í matvælum sem og vatni og sjó. Annað svið sem fyrirtækið hefur tekið þátt í að halda sérhæfð námskeið fyrir fyrirtæki í matvælaíðnaði. Þar má sérstaklega benda á námskeið um hreinlæti og þrif, sérhæfð námskeið fyrir starfsmenn fiskimjölsverksmiðja og námskeið um meðferð afla um borð í fiskiskipum. Þá hefur einnig verið boðið upp á ýmskonar ráðgjöf fyrir matvælafyrirtæki og má þar sérstaklega nefna hreinlætisúttektir og næringarefnaomerkingar matvæla. Rannsóknþjónustan hefur einnig tekið beinan og óbeinann þátt í ýmsum rannsóknarverkefnum með öðrum stofnunum í þekkingarsetrinu.



UMHVERFISSTOFNUN, SURTSEYJARSTOFA

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

Starfsmenn á gestastofu

Jessý Friðbjarnardóttir (sumar)


Laufey Rós Andersen (sumar)

Sindri Freyr Ragnarson (sumar)

Vilborg Þorsteinsdóttir (sumar)

Guðný Hilmisdóttir (vetrar)


Vilborg Þorsteinsdóttir (vetrar)



Surtseyjarstofa er gestastofa fyrir friðlandið Surtsey og hýsir jafnframt skrifstofu Umhverfisstofnunar í Vestmannaeyjum og sýningu um friðlandið. Gestastofan var opnuð þann 2. júlí 2010 að Heiðarvegi 1 í Vestmannaeyjum. Á gestastofunni er að finna margvíslegan fróðleik um friðlandið Surtsey og þær rannsóknir sem þar hafa farið fram. Surtseyjarsýningin er opin alla daga frá 16. maí til 15. september ár hvert milli kl. 11:00 og 17:00 og yfir veturinn milli kl. 13:00 og 16:00 á Laugardögum.

Surtseyjarsýningin er byggð á sýningu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem sett var upp í Þjóðmenningarhúsinu í tilefni af 40 ár goslokaafmæli Surtseyjar og tilnefningu hennar til heimsminjaskrár UNESCO. Á sýningunni eru niðurstöður vísindamanna sem unnið hafa að rannsóknar og vöktunarverkefnum í friðlandinu settar fram á skýran máta með aðstoð nýjustu tækni í margmiðlun.

Surtseyjarsýningin er lifandi sýning þar sem vísindamenn bæta við þekkingarbankann eftir því sem árin líða. Jafnframt reyna vísindamenn að spá fyrir hvernig þróun eyjarinnar verði næstu áratugina. Með tilkomu Surtseyjarstofu gefst innlendum og erlendum ferðamönnum tækifæri til að kynnast einstöku náttúrufari Surtseyjar, myndunarsögu hennar og þeim rannsóknum sem þar fara fram. Er það von Umhverfisstofnunar að gestir Surtseyjarstofu eigi eftir að njóta heimsóknarinnar og fara þaðan margs vísari um sérstöðu þessarara einstöku náttúruperlu sem okkur ber að vernda.



Myndir teknar í Surtsey

HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS

Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands árið 2011:

- Elsa Ingjaldsdóttir, framkvæmdastjóri,
- Birgir Þórðarson, sviðsstjóri umhverfis- og mengunarvarnasviðs,
- Sigrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri matvælasviðs,
- Áslaug Rut Áslaugsdóttir, heilbrigðisfulltrúi Vm.,
- María Berg Guðnadóttir, heilbrigðisfulltrúi



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eftirlitssvæðið nær frá Sandskeiði í vestri til Skeiðarársands í austri, Vestmannaeyja í suðri og inn á miðhálandið. Helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er reglubundið eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum, starfsleyfisveitingar og tilfallandi eftirlit með ýmis konar starfsemi, Eftirlit og rannsóknir á neysluvatni, neysluvörum, fráveitu, húsnæðisúttektir og skipaskoðanir m.t.t. sóttvarna er einnig í höndum heilbrigðiseftirlitsins í samvinnu við viðkomandi fyrirtæki, sveitarfélög, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun.

Heilbrigðiseftirlitið skiptir sínum málaflokkum í þrjú svið: Matvælasvið, hollustuháttasvið og umhverfis- og mengunarsvið.

- Á sviði matvæla eru fyrirtæki eins og þökkun garðávaxta, vatnsveitur, kjötvinnslur, mjólkurbú, bakarí, matvöruverslanir, söluturnar, og svokölluð stórelldhús sem eru t.d. á veitingastöðum, mótuneytum, hótelum og í skólum. Skoðun og sýnataka úr vatnsbólum hefur verið fyrirferðamikil á sviði matvæla nú á síðustu árum en vatnsgæði almennings og á búum er nauðsynlegur.
- Á sviði hollustuhátta eru m.a. eftirlit með gistingu, samkomuhúsum, íþróttahúsum, sundlaugum, hárgreiðslu- og snyrtistofum, dvalarheimilum, fangelsum, heilbrigðisstofnunum og ýmskonar menntastofnunum, auk annars eftirlits. Mörg af þeim fyrirtækjum sem að falla undir holluháttasvið, þá sérstaklega ferðaþjónustufyrirtæki, eru eingöngu opin yfir sumartímann og er því af nógu að taka á yfir sumarmánuðina. Það sem einkennir sumrin eru t.a.m. stórar útisamkomur af ýmsum toga. Einnig hefur færst í vöxt beiðnir um skoðun á íbúðarhúsnæði hjá heilbrigðiseftirlitinu þar sem metið er hvort húsnæði er t.d. heilsuspillandi.
- Undir umhverfis- og mengunarvarnasvið fellur eftirlit og veiting starfsleyfa vegna fyrirtækja eins og verkstæða, bensín- og olíuafgreiðslustöðva, gámastöðva, margvíslegra framleiðslustaða, fiskvinnsla, sláturhúsa, hreinsistöðva fráveitumannvirkja o.fl. auk hins almenna umhverfiseftirlits og umsagna um margvíslega þætti m.a. skipulagsmál og umhverfismat vegna framkvæmda.

NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS Vestmannaeyjum



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Starfsmaður: Frosti Gíslason



Hlutverk Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að hvetja til nýsköpunar og efla framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi. Nýsköpun er forsenda fyrir fjölbreytni íslensks atvinnulífs og undirstaða sterkrar samkeppnisstöðu þess. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir lðnaðarráðuneytið og starfar eftir lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun (nr. 75/2007). Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar er prófessor Þorsteinn Ingi Sigfússon.